



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Tilkynning um íslenskan ríkisborgararétt fyrir norræna ríkisborgara sem hafa átt lögheimili hér á landi síðustu 7 ár sbr. 14. gr. B laga um íslenskan ríkisborgararétt

1. Umsækjandi

Fullt nafn (fornafn, millinafn og eftirnafn)

Kennitala

_____ Kona _____ Karl

Heimilisfang

Póstnúmer / Staður

Fæðingarstaður / Land

Ríkisfang við fæðingu

Núverandi ríkisfang (nefndu öll ríkisföng ef þú hefur fleiri en eitt)

Fyrri ríkisfang ef við á

Hvernig fékkstu núverandi ríkisfang?

Starf

Tölvupóstfang

Heimasími

Vinnusími

Gsm

Hvenær var lögheimili þitt fyrst skráð á Íslandi?

Á hvaða tímabili hefur þú búið á Íslandi

Hefur þú dvalið erlendis lengur en 3 mánuði samfelld síðustu 7 ár?

_____ Já _____ Nei

_____ Ef já, skráðu þá dvalartíma, dvalarland og erindi

2. Upplýsingar um foreldra

Fyllist eingöngu út ef foreldri er eða hefur verið íslenskur ríkisborgari

Átt þú íslenskt foreldri? _____ Já _____ Nei

_____ Nafn móður

_____ Fæðingardagur / Kennitala

_____ Ríkisfang móður við fæðingu umsækjanda og síðara ríkisfang, ef við á

_____ Hvernig fékk móðir íslenskan ríkisborgararétt? _____ Við fæðingu _____ Með umsókn

_____ Nafn föður

_____ Fæðingardagur / Kennitala

_____ Ríkisfang föður við fæðingu umsækjanda og síðara ríkisfang, ef við á

_____ Hvernig fékk faðir íslenskan ríkisborgararétt? _____ Við fæðingu _____ Með umsókn

_____ Dags. hjúskapar foreldra

3. Hjúskaparstaða

Einhleypur _____

Giftur, dags _____

Í staðfestri samvist, dags. _____

Í skráðri sambúð, dags. _____

Ekkja / ekill _____

Nafn maka	Kennitala
-----------	-----------

Fæðingarstaður maka	
---------------------	--

Ríkisfang maka	Símanúmer
----------------	-----------

Starf	
-------	--

Heimilisfang maka	
-------------------	--

Ef heimilisfang er ekki sameiginlegt tilgreinið ástæðu fyrir öðru lögheimili eða dvalarstað.

4. Börn með erlent ríkisfang

Ø Óskir þú eftir að barn/ börn þín hljóti ríkisborgararétt með þér þá fylgi; fæðingarvottorð barns, gögn um forsjá og búsetuvottorð frá Þjóðskrá.

Barn getur fengið ríkisborgararétt ásamt þér ef barnið er undir 18 ára aldri, ógift, býr hér á landi og þú hefur forsjá þess.

Nafn barns	Kennitala
------------	-----------

Fæðingarstaður	
----------------	--

Nafn barns	Kennitala
------------	-----------

Fæðingarstaður	
----------------	--

Nafn barns	Kennitala
------------	-----------

Fæðingarstaður	
----------------	--

Samþykki barns 12-18 ára	<i>undirritun</i>	Dags.
--------------------------	-------------------	-------

Samþykki barns 12-18 ára	<i>undirritun</i>	Dags.
--------------------------	-------------------	-------

Samþykki barns 12-18 ára	<i>undirritun</i>	Dags.
--------------------------	-------------------	-------

Samþykki foreldris ef forsjá er sameiginleg	<i>undirritun</i>	Dags.
---	-------------------	-------

5. Aðrar upplýsingar sem óskað er að komi fram

6. Beiðni um nafnbreytingu á eigin-, milli- og kenninafni
Fyllist eingöngu út ef óskað er eftir nafnbreytingu

Samkvæmt 11. gr. laga um mannanöfn nr. 45/1996 má sá sem fær íslenskt ríkisfang halda fullu nafni sínu óbreyttu. Honum er þó heimilt að taka upp eigin nafn, millinafn og/eða kenninafn í samræmi við ákvæði laga um mannanöfn. Hið sama á við um börn hans fái þau íslenskt ríkisfang með honum.

Ath. Nafnbreytingar eru einungis heimilaðar einu sinni nema sérstaklega standi á.

Núverandi fullt nafn (fornafn, millinafn og eftirnafn)

Fullt nafn verði þannig

Núverandi fullt nafn barns (fornafn, millinafn og eftirnafn)

Fullt nafn barns verði þannig

Núverandi fullt nafn barns (fornafn, millinafn og eftirnafn)

Fullt nafn barns verði þannig

Núverandi fullt nafn barns (fornafn, millinafn og eftirnafn)

Fullt nafn barns verði þannig

7. Undirskrift

Ég undirrituð/aður tilkynni hér með að ég óska eftir að öðlast íslenskan ríkisborgararétt og lýsi hér með yfir að viðlagðri refsíábyrgð að ofangreindar upplýsingar eru réttar. (145. gr. almennra hegningarlaga)

Mér er kunnugt um að ég get misst minn núverandi ríkisborgararétt við töku íslensks ríkisborgararéttar.

Jafnframt því heimila ég innanríkisráðuneyti, Útlendingastofnun og lögreglustjóra að afla þeirra upplýsinga um mig, foreldra mína og börn, sem þessir aðilar telja nauðsynlegar til að meta framanritaða umsókn mína, þar á meðal sakavottorðs míns hérlendis og erlendis og upplýsinga frá Þjóðskrá.

Undirritun

Nafn

Dags.

8. Gjald fyrir tilkynningu

Gjald fyrir tilkynningu um íslenskan ríkisborgararétt er 7.500 kr.

Gjaldið skal fylgja tilkynningu og verður ekki endurgreitt ef synjað er um ríkisborgararétt eða tilkynning dregin til baka.

- Greitt er í banka/heimabanka inn á reikning ráðuneytisins 0101-26-7619 kt: 461010-0400
- Greitt er með peningum sem fylgja með umsókn
- Greitt er með tékka sem fylgir umsókn.

Þegar greitt er í banka/heimabanka skal til skýringar/tilvísunar setja fyrstu sjö stafir í kennitölu umsækjanda. Jafnframt skal kvittun fyrir greiðslu fylgja með umsókn.

Ø Gögn sem fylgja skulu tilkynningu

- Fæðingarvottorð í frumriti
- Þýðing löggilts skjalabýðanda á vottorðinu ef það er ekki á ensku eða öðru Norðurlandamáli
- Staðfest ljósrit af vegabréfi
- Vottorð um búsetutíma frá Þjóðskrá

Ø Gögn sem geta þurft að fylgja tilkynningu

- Vottorð um hjúskap, samvist, sambúð
- Fæðingarvottorð barns í frumriti
- Staðfest ljósrit af vegabréfi barns
- Skilnaðarleyfi
- Staðfesting á forsjá barns undir 18 ára aldri
- Ef báðir foreldrar fara með forsjá barns þarf að leggja fram samþykki hins forsjáforeldris fyrir því að barn öðlist ríkisborgararétt með foreldri

Ø **Ath. Öll ljósrit skulu vera staðfest!** Sýslumaður, sendiráð, ræðismaður eða innanríkisráðuneytið staðfesta að ljósrit sé af frumriti.

Sendist til: Innanríkisráðuneytið
Sölvhólgötu 7,
150 Reykjavík.

14. gr. B laga um íslenskan ríkisborgararétt

B. Ríkisborgari í norrænu samningsríki, sem

1. hefur öðlast ríkisborgararétt þar með öðrum hætti en með lögum eða samsvarandi hætti,
2. hefur náð 18 ára aldri,
3. hefur átt lögheimili hér á landi síðustu 7 árin, og
4. hefur ekki á því tímabili verið dæmdur í fangelsi eða til að sæta öryggisgæslu eða hælisvist samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, öðlast íslenskt ríkisfang með því að tilkynna innanríkisráðherra skriflega þá ósk sína. Ákvæði 5. gr. eiga hér við.

Norrænir ríkisborgarar

Norrænir ríkisborgarar (ríkisborgarar Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar), sem hafa átt lögheimili á Íslandi í minnst 7 ár, geta í vissum tilvikum öðlast íslenskan ríkisborgararétt með sérstakri tilkynningu til innanríkisráðuneytisins. Tilkynning er einfaldari og ódýrari leið til að öðlast ríkisborgararétt en með umsókn.

Skilyrði fyrir tilkynningu er:

- að hafa öðlast ríkisborgararétt í norrænu ríki með öðrum hætti en með lögum eða samsvarandi hætti (t.d. við fæðingu),
- að hafa náð 18 ára aldri,
- að hafa átt lögheimili hér á landi síðustu 7 árin,
- að hafa ekki á því tímabili verið dæmdur í fangelsi eða til að sæta öryggisgæslu eða hælisvist samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga.

Þeir sem eru á aldrinum 18 til 20 ára geta óskað eftir íslenskum ríkisborgararétti með tilkynningu ef þeir hafa haft hér samfellda dvöl frá 11 ára aldri.

Sá sem misst hefur íslenskan ríkisborgararétt, og hefur síðan óslitið verið ríkisborgari í norrænu ríki, getur óskað eftir íslenskum ríkisborgararétti með tilkynningu hafi hann fengið lögheimili hér á landi.

Þeir norrænu ríkisborgarar sem ekki uppfylla skilyrði til að öðlast ríkisborgararétt með tilkynningu geta sótt um íslenskan ríkisborgararétt hafi þeir átt lögheimili hér á landi í minnst fjögur ár og fullnægja öðrum skilyrðum 8. og 9. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt.

Barn sem á lögheimili hér á landi getur öðlast ríkisborgararétt með foreldri ef foreldrið hefur forsjá þess og barnið er ógift og undir 18 ára aldri.

ATH. að samkvæmt lögum um ríkisborgararétt í Danmörku og Noregi missa ríkisborgarar þessara landa sjálfkrafa ríkisborgararétt sinn við að fá íslenskt ríkisfang.

Gjald fyrir tilkynningu norræns ríkisborgara, sem hefur átt lögheimili hér á landi síðastliðin 7 ár, um að öðlast íslenskan ríkisborgararétt er 7500 kr.

Innanríkisráðuneytið, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík, sími 545 9000, bréfasími 552 7340,

postur@irr.is,

www.innanrikisraduneyti.is